



876. fundur stjórnar GSÍ, 12.maí 2016, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Helgi Anton Eiríksson, Theodór Kristjánsson, Jón Júlíus Karlsson, Hansína Þorkelsdóttir, Rósa Jónsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir og Brynjar Eldon Geirsson sem jafnframt ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar, undirrituð og samþykkt

2. Samstarfsaðilar

Haukur Örn kynnti fyrir fundinum þreifingar við styrktaraðila og hvernig staðan væri á samningum við samstarfsaðila sambandsins. Handsalað hefur verið samstarf við Borgun varðandi aðkomu þeirra að golfmóti á Eimskipsmótaröðinni sem haldið verður á Keili og þar með hefur öllum mótum á mótaröðinni verið fundinn samstarfsaðili. Viðræður eru í fullum gangi við 2-3 fyrirtæki um samstarf við sambandið.

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun

Kristín Guðmundsdóttir Gjaldkeri GSÍ fór yfir endurskoðaða rekstraráætlun og var hún samþykkt með tilliti til endurskoðunnar á áætlun afrekssviðs í framhaldinu. Gengið hefur vel að auka tekjur í gegnum samstarfssamninga fyrri hluta árs en biðlar Kristín þó til stjórnar að aðstoða við fjáröflun seinni hluta tímabilsins til þess að geta staðist rekstrarmarkmið. Almennar launahækkningar hafa vegið þungt á fyrri hluta árs.

4. Samingur við RÚV til næstu tveggja ára

Haukur Örn greindi frá því að samið hefði verið við RÚV til tveggja ára og mikil ánægja er með þá framlengingu innan stjórnar GSÍ og samstarfið verið farsælt á undanförunum árum. Haukur gerði um leið stjórn grein fyrir grunnatriðum samningsins og hver helstu verkefni sumarsins eru samkvæmt samningi.

5. Stelpugolfið og golfdagar í Kringlunni

Haukur Örn skýrði frá þessum tveimur árlegu viðburðum og hvernig þeir hafa vaxið og dafnað undanförunum ár svo eftir hefur verið tekið og ýmsir klúbbar líst yfir áhuga sínum á að koma sterkar að slíkum dögum. Mögulega mun fræðslunefnd GSÍ taka Stelpugolf



alvarlega til athugunnar hvað varðar það að nota þennan viðburð til útbreiðslu víða um land frá og með 2017.

6. Blaðamannafundur GSÍ, Eimskips og Íslandsbanka

Ákveðinn hefur verið dagsetning 18.05 kl.13:00 í golfskála GO þar sem golfsumarið 2016 verður kynnt Eimskipsmótaröðin, Íslandsbankamótaröð unglinga, EM kvenna. Samstarfsaðilum, stjórn og fjölmiðlafólki verður boðið á fundinn.

7. Samþykktir reglugerða

Farið var yfir eftirfarandi reglugerðir, þær samþykktar og verða þær sendar klúbbunum til yfirlestrar í framhaldinu.

- Almennir Keppniskilmálar 2016 um leikhraða (á öðrum mótum en Eimskipsmótaröðinni)
- Almennar staðarreglur 2016
- Almennir keppnisskilmálar 2016
- Keppnisskilmálar um leikhraða á Eimskipsmótaröðinni 2016
- Keppnisskilmálar um kylfubera á Íslandsbankamótaröðinni 2016

8. Dagskrá samráðsfunda

Framkvæmdarstjóra var falið að boða næstu samráðsfundi með aðildarfélögum GSÍ, samkvæmt því skipulagi sem fylgt hefur verið.

9. Önnur mál

- www.golf.is farsímaforrit (app) rætt og framtíðar tekjumöguleikar þess, Helgi Anton taldi góða tekjumöguleika með slíku og benti á að faglega þyrfti að klára verkefnið.
- Golf á Íslandi, útgáfumál, kostnaður, tekjur og fyrsta aldreifingin rædd og voru menn sammála um að aldreifingin hefði heppnast vel og efnistökin verið góð í blaðinu.
- Heimsókn Ronan Rafferty til landsins, verður nýttur til að miðla reynslu sinni til afrekskyflinga ásamt því að veita viðtal fyrir GÁÍ.
- Fatnaður 2016 fyrir leikmenn og stjórn sýndur en verður afhentur um leið og merkingu hefur verið lokið.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 19:05



GOLFSAMBAND ÍSLANDS
Engjavegur 6 104 Reykjavík Iceland
info@golf.is www.golf.is + 354 514 4050